

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
10. feb. 2011	
10.5.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. febrúar 2011

Tilvísun: UST20110200035/bs

Borgarfjarðarbraut um Reykjadalásá. Tilkynning um matsskyldu. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 3. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða nýlagningu á vegamótum Borgarfjarðarbrautar og Hálsasveitarvegjar á samtals um 2 km kafla, ásamt byggingu nýrrar brúar á Reykjadalásá.

Efnistaka verður úr námum sem þegar eru opnar að undanskilinni námunni Kleifar.

Reykjadalsá er hluti svæðis nr. 204 á náttúruminjasrá. Náttúruverndargildi árinna er lýst á eftirfarandi hátt í náttúruminjasrá: "Reykjadalsá er lygn, gróðurmikil á sem helst auð að vetrinum vegna hveravatns sem í hana rennur. Svigðumyndun árinna er óvenju falleg."

Vegagerðin hefur haft samráð við Umhverfisstofnun um þá framkvæmd sem hér um ræðir á ýmsum stigum frá árinu 2005. Stofnanirnar hafa verið sammála um að fjarlægja eigi núverandi brú og aðliggjandi vegakafla sem mótvægisáðgerð með hliðsjón af náttúruverndargildi Reykjadalársá.


Í kynningarskýrslu kemur fram að fjarlægja eigi aflagaða vegkafla, en ekki tilgreint að fjarlægja eigi brúna. Umhverfisstofnun hefur óskað skýringa á þessari breytingu og barst svar frá Vegagerðinni 8. febrúar sl., þar segir m.a.: *Gamla brúin á Reykjadalásá verður fjarlægð svo og núverandi vegur sem er merktur með fjólubláum slitnum línunum á loftmynd.*

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin feli í sér óverulegar breytingar frá núverandi ástandi, þ.e. að ein veglína liggja um Reykjadalásá muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill benda á að vanda frágang á bökkum árinna þegar núverandi brú hefur verið fjarlægð.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri